

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 240 — 215. mál.

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um þorskveiði smábáta.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve mikið af heildarþorskaflanum var tekið á krókabáta á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001? Svar óskast bæði í aflahlutdeild og aflamarki.
2. Hve mikið af þeim þorskafla var hlutdeild krókabáta og hve mikið var flutt til þeirra úr aflamarkskerfinu þessi sömu ár?

Skriflegt svar óskast.